



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

| | |
|----------------------------|--|
| Málsheiti og nr. | MRN230400104 154. löggjafarþing Frumvarp til laga um skák |
| Ráðuneyti /verkefnisstjóri | Mennta- og barnamálaráðuneyti / Óskar Þór Ármannsson |
| Innleiðing EES-gerðar? | <input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei |
| Dags. | 16. júní 2023 |

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Lög um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990 og lög um Skákskóla Íslands, nr. 76/1990 tóku gildi árið 1991. Íslenskt samfélag hefur breyst mikið frá því að lögini voru sett og hefur það fyrirkomulag sem lögini mæla fyrir um ekki verið breytt samhliða breyttu stjórnsýslumhverfi.

Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt 5. gr. laga um launasjóð stórmeistara í skák eru stórmeistarar opinberir starfsmenn og um þá fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Árið 1996 urðu grundvallarbreytingar á reglum um starfsmenn ríkisins og hefur orðið þróun í réttindum þeirra síðan þá. Að mati mennta- og barnamálaráðuneytisins samrýmast núgildandi reglur um launasjóðinn ekki nógu vel þeim reglum sem nú gilda um opinbera starfsmenn.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Áformað er að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um skák og með því verði núgildandi kerfi um launasjóð stórmeistara í skák og Skákskóla Íslands fært til nútímans og einfaldað.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi lög hafa valdið vandkvæðum við túlkun í framkvæmd. Jafnframt virðast lögini ekki hafa tryggt að íslenskir skákmenn nái árangri í greininni.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að áfram skuli unnið með félagasamtökum að því að efla umgjörð afreksstarfs íþróttar. Heimfæra má þetta markmið á afreksstarf í skák. Stefnan er að þeir sem skara fram úr í skák hafi tækifæri til þess að helga sig skáklistinni, standi hugur þeirra til þess, og nái árangri á alþjóðavísu. Mikilvægur þáttur í því er að styðja ungt og upprennandi fólk til þess að ná alþjóðlegum skákáföngum. Að auki er mikilvægt að Skáksamband Íslands og grasrótastarfsemi aðildarféлага Skáksambandsins taki virkan þátt í því að efla þessa umgjörð.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Með fyrirhuguðu frumvarpi er ætlunin að taka á álitamálu sem lengi hafa verið til umræðu. Það kerfi sem hefur verið við lýði frá setningu laganna árið 1990 virðist ekki vera hvetjandi fyrir afreksfólk í skák til að tefla sem mest til þess að ná hámarksárangri. Stefnt er að því að ný löggjöf gefi aukna möguleika á því að styðja ungt og efnilegt fólk til afreka í skák. Þá er stefnt að því markmiði að einfalda og nútímavæða lagaumhverfi um skák í samstarfi við Skáksamband Íslands.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Engar breytingar yrðu á því kerfi sem lög nr. 58/1990 og lög nr. 76/1990 mæla fyrir um.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Að mati ráðuneytisins duga ekki önnur úrræði en lagasetning til að ná fram því markmiði sem að er stefnt. Stuðningskerfi við stórmeistara í skák er lögbundið og verður ekki breytt nema með lagasetningu.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Í gildandi lagasafni er fjallað um skák í tveimur lagabálkum, lögum um launasjóð stórmeistara í skák, nr. 58/1990, og lögum um Skákaskóla Íslands, nr. 76/1990. Þetta fyrirkomulag er óvenjulegt, til dæmis ef borið er saman við löggjöf á sviði íþróttá- og æskulýðsmála, þar sem tveir yfirgrípsmiklir lagabálkar, íþróttalög nr. 64/1998, og æskulýðslög, nr. 70/2007, eru regnhlíf yfir starfsemi sem þar heyrir undir. Þá eru ákveðnir þættir í lögum nr. 58/1990 og nr. 76/1990 sem falla ekki nægilega vel að nútíma stjórnsýsluuppbyggingu. Til viðbótar við umfjöllun í kafla A.1. má m.a. benda á að í lögum nr. 76/1990 kemur fram að Skákaskóli Íslands sé rekinn af Skáksambandi Íslands í samvinnu við ráðuneytið. Óvenjulegt er að ítarleg sjálfstæð löggjöf fjalli um skóla sem rekinn er af frjálsum félagasamtökum.

Mögulegt væri að endurskoða gildandi lög án þess að ráðast í heildarendurskoðun löggjafarinnar. Að mati mennta- og barnamálaráðuneytisins myndu markmið um að einfalda og nútímavæða regluverk um skák ekki nást með þeirri leið. Telur ráðuneytið að það færi betur á því að leggja fram frumvarp að nýrri heildarlöggjöf um skák og samhliða fella lög um launasjóð stórmeistara í skák og lög um Skákaskóla Íslands úr gildi.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um skák. Samhliða verði núgildandi lög um launasjóð stórmeistara í skák og lög um Skákaskóla Íslands felld úr gildi. Helstu breytingar frá eldra fyrirkomulagi verða að stórmeistarar í skák verða ekki opinberir starfsmenn og nýtt fyrirkomulag um laun eða styrki til stórmeistara í skák verður tekið upp þar sem horft verði í meira mæli til einstakra verkefna og framgangs þeirra. Þá verður horft til þess möguleika að styrkja unga og upprennandi skákmenn, sem stefna að alþjóðlegum árangri, en hingað til hafa eingöngu þeir sem hlotið hafa nafnbótina stórmeistari fengið greiðslur úr ríkissjóði.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Verði af samþykkt frumvarps þess sem áform þessi lúta að verða tveir lagabálkar felldir á brott og nýr lagabálkur kemur í þeirra stað. Í nýjum lagabálki verði fjallað um skák, laun eða styrki til afreksfólks í skák og Skákaskóla Íslands, en horft verði til þess að reglur verði einfaldaðar frá því sem nú er. Samhliða verði teknar til skoðunar viðeigandi reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli gildandi laga um launasjóð stórmeistara í skák og lög um Skákaskóla Íslands.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Nei.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Við vinnslu fyrirhugaðs lagafrumvarps verður lögð áhersla á að tryggja samræmi við ákvæði laga sem málefna sviðið varða.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Skáksamband Íslands, Skákaskóli Íslands stórmeistarar í skák og annað skákfólk.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Samráð við Skáksamband Íslands hefur þegar farið fram. Ráðuneytið óskaði eftir tillögu að nýju fyrirkomulagi styrkveitinga ríkisins til skákhreyfingarinnar. Að fengnum umsögnum, frá helstu hagsmunaaðilum, voru tillögur sendar til ráðuneytisins og voru þær hafðar til hliðsjónar við gerð áformaskjals þessa.

4. Fyrirhugað samráð

Lögð verður rík áhersla á samráð við Skáksamband Íslands. Frumvarpsdrög, þegar þau liggja fyrir, verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda til opins samráðs.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Sjá fylgiskjal.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Nei en fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á vorþingi 2024.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Gert er ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum, taki strax gildi og að í bráðabrigðaákvæði verði tekin afstaða til réttindi og skyldna þeirra sem njóta launa samkvæmt gildandi lögum.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Engar sérstakar forsendur.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Fjöldi afreksfólks í skák og árangur þeirra á alþjóðavísu.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Mennta- og barnamálaráðuneyti heldur utan um gögn um úthlutanir úr launasjóði stórmeistara í skák. Gert er ráð fyrir að með nýju fyrirkomulagi verði lögð aukin áhersla á að þeir sem njóti launa eða styrkja geri grein fyrir verkefnum sínum.

I. Annað

Á ekki við.

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

Frummat á áhrifum lagasetningar fylgir hér með.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum